

Skipagjöld teljast í gjaldskrá þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir hafnsögubáta og önnur tæki og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólm nr. 152 10. júní 1970.

### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

### 26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

### 2. gr.

Kaflar VIII, IX, X og XI falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að XII. kafli verði VIII. kafli og greinar 52—56 verði 27—31.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 270 5. okt. 1972 um breytingu á hafnarreglugerð nr. 152 10. júní 1970.

*Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*